# ÖRFIRISEY / FISKISLÓÐ 15-21 / Staðgr. 0-1-1089301 / DEILISKIPULAGSBREYTING




**GILDANDI DEILISKIPULAG M 1:2000**




**BREYTING Á DEILISKIPULAGI M 1:2000**

Í gildi er deiliskipulag fyrir Örfirisey - Vesturhöfn, sem samþykkt var í Umhverfis og skipulagsráði Reykjavíkur þann **21.okt. 2015** og í borgaráði Reykjavíkur þann **3.nóv. 2015**.




**SKÝRINGARMYNDIR AF SVÆÐINU**

**GREINARGERÐ - BREYTING FYRIR FISKISLÓÐ 15-21**

Á lóðinni verður komið fyrir eldsneytisdælum og rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar. Skilgreindir eru þrír mismunandi byggingareitir fyrir þessa starfsemi:

Skilgreindur er **byggingareitur ofanjarðar** (B-1) fyrir mannvirki, og tækjabúnað sem eru ofanjarðar. Þau mannvirki sem gert er ráð fyrir að rísi innan þess reits eru m.a.; eldsneytisáfyllingarstöð með tveimur eldsneytisdælum til almenningsnota samanber samning, fyrir lóðarhafa og rekstraaðila, ásamt tæknirými fyrir dælubúnað og loftunarrör. Um er að ræða hefðbundin dælubúnað.
Einungis má afgreiða bensín og dísel á eldsneytisdælum en ekki litað dísel.

1. Einnig mun verða reistur skiltaflötur til verðmerkingar á eldsneyti.

    Hámarkshæð á umgjörð/ramma á eldsneytisáfyllingarstöð er 4.0 m.
    Hámarkshæð á búnaði við dælingu er 3.0 m.
    Hámarkshæð á tæknirými er 1.5 m m.v. jarðvegsyfirborð.
    Hámarkshæð skiltaflatar er 5.0 m. Skiltaflötur byrjar í 2.0 m.

Skilgreindur er **byggingarreitur ofanjarðar** (B-2) undir rafhleðslustöðvar fyrir bifreiðar, rafmagnstöflu- og hleðslutöfluskápa. Einnig kemur spennahús. Einnig mun verða reistur skiltaflötur til verðmerkingar á eldsneyti.

    Hámarkshæð á rafmagnstöflu- og hleðslutöfluskápum er 2.1 m.
    Hámarkshæð á hleðslustöðvum er 2.5 m.
    Hámarkshæð á spennahúsi er 1.5 m m.v. jarðvegsyfirborð.
    Hámarkshæð skiltaflatar er 5.0 m. Skiltaflötur byrjar í 2.0 m.

2. Skilgreindur er **byggingarreitur neðanjarðar** (B-3) fyrir tæknibúnað, eldsneytistanka, olíuskiljur og geyma fyrir rúðuvökva, íblöndunarefni og loftunarrör.
    Hámarkshæð á loftunarröri fyrir olíuskilju er allt 3.5 m.

3. Við gerð aðaluppdrátta, vegna fjölorkustöðvar, skal skila inn lóðaruppdrætti þar sem fram kemur hvernig aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur verður inn á lóð ásamt tengingu við aðalinnganga bygginga.
Einnig skal gera ráð fyrir lággróðri eða trjám þar sem hægt er að koma því við.
Jafnframt skal koma fyrir hjólreiðastæðum á lóð sbr. leiðbeiningarrit um bíla-og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

4. Kvöð; Festi hf., Krónan ehf.og Festi fasteignir ehf. samþykkja að óheimilt sé að taka í notkun tvær dælur af lóðinni Ægisíða 102 á lóð Festi fasteigna ehf., kt. 581113-1100, að Fiskislóð 15-21 fyrr en rekstri bensínstöðvar á Ægisíðu 102 hefur verið hætt. Um tímamark til þess að hætta rekstri bensínstöðvar á Ægisíðu 102 fer samkvæmt því sem fram kemur í rammasamkomulagi milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Festi hf. og Krónunnar ehf. hins vegar, dags. 27. maí 2021, og samkomulagi á milli Reykjavíkurborgar og Festi hf., dags. 25. júní 2021, með síðari viðaukum.

Að öðru leyti gilda áfram sömu byggingaskilmálar fyrir lóðina.




**HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-2040.**

**SKÝRINGAR**

| | |
|---|---|
| (rauð strikalína) | Mörk skipulagsbreytingar |
| ÚTG | Hafnsækin og skyld starfsemi |
| HAT | Hafnsækin starfsemi/athafnasvæði |
| HVÞ | Hafnsækin starfsemi, verslun, þjónusta og fínlegri atvinnustarfsemi - stórmarkaðir víkjandi |

ALMENNT

| | |
|---|---|
| (strikpunktalína) | Mörk skipulagssvæðis |
| (grátt) | Núverandi byggingar |
| (blátt) | Friðlýst ytra byrði bygginga - Verbúðir Grandagarði nr. 15-35, 39-77 og 79-93 |
| (rautt) | Verndun 20. aldar bygginga - Grandagarður 14 |
| Z | Spennistöð |
| (grænt) | Grænt svæði til sérstakra nota, mön, graseyjar og þúfa |
| (rauð lína) | Lóðamörk |
| (rauð strikalína) | Lóðamörk felld niður |
| (svört strikalína) | Byggingarreitur á lóð |
| (ljósblá strikalína) | Byggingarreitur á 3. hæð |
| (blá strikalína) | Byggingareitir sbr. deiliskipulagsbreyting |
| (skástrikað) | Kvöð um umferðarrétt, sameiginleg bílastæði á lóðarmörkum og lagnir á lóð - sjá nánar í sérákvæðum lóða |
| | Innkeyrsla inn á lóð Leiðbeinandi staðsetning |
| | Göngustígur / gangstétt |
| | Gata |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis-og skipulagsráði þann 14. ágúst 2024 og í borgarráði þann 22. ágúst 2024 Tillagan var auglýst frá 15. febrúar 2024 með athugasemdafresti til 4. apríl 2024 Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. október 2024

[signature] [stamp: REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI]

**Breyting gerð eftir auglýsingu - dags. 01.07.24.**
Eftirfarandi texta bætt inn;
*"Einungis má afgreiða bensín og dísel á eldsneytisdælum en ekki litað dísel".*

**ÖRFIRIRSEY / FISKISLÓÐ 15-21**

**DEILISKIPULAGSBREYTING**


dap
development architecture property

Tjarnargata 4 101 Reykjavík
s 6604200 arkitekt@dap.is www.dap.is


| verknr. | teikning / bl.stærð | | dags. |
|---|---|---|---|
| 14-04-M | (90)1.01 | A2 | 04.10.23 |